



Umhverfis -og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík.

Végarði 11. nóvember. 2021
Mál nr. 184/2021

Efni: Umsögn sveitarfélagsins Fljótsdalshrepps um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu. Vísað er til máls nr: 184/2021 um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu sem birt var á Samráðsgátt þann 24. september 2021.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps gagnrýnir að svo stórt mál sé sett í umsagnarferil án þess að tilkynna það formlega til hlutaðeigandi aðila og óska eftir umsögn þeirra. Fljótsdalshreppur er stór hagsmunaaðili hvað varðar reglugerðir er lúta að landnýtingu og landbúnaði, enda er landbúnaður einn af grunnatvinnuvegum sveitarfélagsins.

Ekki er ljóst hver muni bera kostnað af umsjón og eftirliti með sjálfbærri landnýtingu. Kostnaður vegna eftirlits fyrir bændur, t.d. vegna Matvælastofnunar, er ærinn fyrir. Til að takast megi að byggja upp sjálfbæra fæðuframléiðslu á Íslandi, er mikilvægt að starfs-, rekstrar- og fjárfestingaskilyrði bænda verði bætt. Þannig er stuðlað að nýliðun meðal fæðuframléiðenda (bænda). Liður í slíku er að gefa skýrt út að innleiðing reglugerðarinnar muni ekki auka eftirlitskostnað bænda. Annar liður í slíku er að nýta gögn og samstarfsverkefni sem bændur hafa sjálfir safnað og tekið þátt í til að auka sjálfbærni landnotkunar. Þar má t.d. nefna Grólindearverkefnið og gögn sem sauðfjárnændur skrá í Fjávís gagnautanumhaldskerfið varðandi fallþunga dilka. Sé lömbum slátrað um leið og þau koma af fjalli, gefur fallþungi þeirra t.d. ágætis vísbendingu um ástand gróðurs á beitarlandi.

Mikilvægt er að reglugerðin stangist ekki á við önnur lög og reglugerðir sem fjalla um málaflokk landnýtingar. Bent er á mikilvægi þess að kannað verði hvort svo sé, t.d. með samráði við starfsmenn Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem fjalla um landbúnaðarmál og með samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Fljótshrepps er fylgjandi landvernd og sjálfbærri land nýtingu en gerir skýra kröfu um alvöru samráð við setningu reglugerðar sem þessara og eins að áhrif hennar verði metin, bæði á byggða- og fjárhagsleg. Það er mat sveitarstjórnar Fljótshrepps að bændur verði alltaf bestu vörslumenn landsins. Því er mikilvægt að yfirvöld haldi áfram á þeirri braut að byggja upp og viðhala frekara traust og samvinnu við bændastéttina.

Við blasir að reglugerðar drögin eru ekki unnin í samráði við helstu hagsmunaaðila og eru ekki kostnaðarmetin.

Í lokin þá leggur sveitarstjórn til að reglugerðardrögin verði dregin til baka og farið af stað aftur í viðtæku samráði við hagsmunaaðila og sveitarfélög.

Að öðru leyti er tekið undir umsagnir annarra sveitarfélaga svo sem Dalabyggðar, Húnaþings vestra, Eyjafjarðarsveita og Bláskógarbyggðar.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Fljótshrepps,


Jóhann F. Pórhallsson
Oddviti.